

Fimmtudaginn 9. mars 1989.

Nr. 64/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Jóhannesi Karlssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, kært til Hæstaréttar úrskurð saka-dóms í ávana- og fíkniefnamálum 1. mars sl. um, að gæsluvarðhald hans skuli framlengt. Í greinargerð af hálfu varnaraðila, sem dagsett er 5. mars, er þess krafist að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Einnig er krafist kærumálskostnaðar.

Í greinargerð ríkissaksóknara, sem dagsett er 7. mars, er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur að niðurstöðu til með vísan til 3. og 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974. Er lögð áhersla á það varðandi tilvísun í 3. tl. að varnaraðili sé búsettur í öðru landi.

Varnaraðili hefur að eigin sögn dvalist í New York nær samfelld síðustu þrjú misseri. Samkvæmt héraðsdómi kom hann hingað til lands 8. febrúar sl. og hafði þá meðferðis um 56 g af kókaíni. Hann hafði selt um 10 g af efninu, þegar hann var handtekinn 16. febrúar.

Í greinargerð varnaraðila segir að hvorki rannsóknarnauðsynjar né önnur atriði, sem talin eru í 1.-3. tl. og 5.-6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 eigi við sig. Þá er því haldið fram, að 4. tl. máls-greinarinnar leiði ekki til þess, að hinn kærða úrskurð eigi að stað-festa, og er í því sambandi vísað til dóms Hæstaréttar 28. janúar 1983.

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð með tilvísun til forsendna hans. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 1. mars 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 1. mars, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Hinn 16. fyrra mánaðar voru handteknir hér í borg Jóhannes Karlsson, f. 25.2. 1961, og X..., grunaðir um fíkniefnamisferli.

Í fórum þessara manna fundust um 55 g af ætluðu kókaíni og voru þeir hvor um sig vegna rannsóknar málsins 17. febr. úrskurðaðir í gæsluvarðhald allt að hádegi í gær.

Ákæra var sl. föstudag 24. fyrra mánaðar gefin út á hendur ofangreindum mönnum og þá jafnframt af hálfu ákærvalds krafist með vísan til 1. og 4. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974, að ákærðu gengju ekki lausir fyrir dómsuppkvaðningu.

Ofangreind ákæra var birt báðum hinum ákærðu 25. fyrra mánaðar, en málið flutt og dómtekið 27. fyrra mánaðar.

Af hálfu ákærvalds var í gær og hér fyrir dómi lögð fram krafa um framlengt gæsluvarðhald beggja ákærðu allt að hádegi 15. þessa mánaðar.

Sá dómari, er við þessum kröfum tók, taldi sig þurfa frest til ákvörðunar, enda á hverri stundu að vænta efnisdóms um ofangreinda ákæru.

Nefndur dómur var upp kveðinn og birtur hér við embættið kl. 16.30 í gær.

Hlaut þá ofangreindur X auk annars 14 mánaða fangelsisrefsingu og lýsti yfir að hann sætti sig við þá niðurstöðu.

Áðurnefndur Jóhannes Karlsson hlaut samkvæmt nýnefndum dómi auk annars tveggja ára fangelsisrefsingu og lýsti yfir að hann óskaði að áfrýja þeirri niðurstöðu til Hæstaréttar Íslands.

Ofangreindur fulltrúi ákærvalds dró þá til baka báðar áður nefndar gæsluvarðhaldskröfur, en lagði með vísan til nefndrar dómsniðurstöðu og 4. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 fram kröfu um, að dómfelldi Jóhannes Karlsson yrði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi frá hádegi í gær að telja og þar til dómur Hæstaréttar Íslands liggur fyrir vegna ofangreindrar áfrýjunar, en þó eigi lengur en til hádegis 30. júní nk.

Jafnframt var lýst yfir að af hálfu ákærvalds yrði allt kapp lagt á að hraða, sem frekast yrði við komið, meðferð málsins.

Dómpoli og verjandi hafa mótmælt þessari kröfugerð ákærvalds.

Niðurstöður.

Samkvæmt því, sem hér að ofan er rakið, gekk hér við embætti í gær og var birtur efnisdómur um tveggja ára fangelsisvist Jóhannesar Karlsson-

ar auk greiðslu sektar, að fjárhæð kr. 65.000,00, málskostnaðar og upp-
töku á tveim ávísunum, samtals að fjárhæð kr. 37.000,00, og 55 g af kóka-
íni.

Dómfelldi hefur þegar lýst yfir að hann óski af sinni hálfu að áfrýja
þessari niðurstöðu til Hæstaréttar til refsimildunar.

Hér er hins vegar til úrskurðar sú krafa ákærvalds að dómþolinn Jó-
hannes sæti áfram gæsluvarðhaldi þar til niðurstaða Hæstaréttar Íslands
liggur fyrir um ofangreint dómsmál, en þó eigi lengur en til hádegis 30.
júní nk.

Krafa ákærvalds er reist á margnefndri dómsniðurstöðu þessa embættis
svo og 4. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Með vísan til þessa svo og annars ofanritaðs ásamt hliðsjón af 65. gr.
stjórnarskrár, nr. 33/1944, þykir rétt að verða við fram kominni kröfu
ákærvalds og ákvarða að dómþolinn Jóhannes Karlsson sæti framlengdu
gæsluvarðhaldi frá kl. 12.00 á hádegi í gær að telja og til uppkvaðningar
hæstaréttardóms í máli ákærvaldsins gegn nefndum Jóhannesi, en þó eigi
lengur en til hádegis 30. júní nk.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Gæsluvarðhald Jóhannesar Karlssonar, f. 25.2. 1961, framlengist
frá kl. 12.00 á hádegi að telja 28. febrúar 1989 til uppkvaðningar
hæstaréttardóms í máli ákærvaldsins gegn honum, en þó eigi lengur
en til hádegis 30. júní 1989.
